



Morgunblaðið, 19.09.2023, síðu 28.
grein stærð: 92.15 sm²
grein hæð: 8.96 sm

Hlutverkasetur velur verk á Kjarvalsstaði

Sýningin *Myndlistin þeirra* var opnuð á Kjarvalsstöðum um helgina. Þar hefur fjölbreyttur hópur frá Hlutverkasetri valið listaverk á sýningu sem er hluti af stærri sýningu, *Myndlistin okkar*. Hlutverkasetur mun bjóða upp á leiðsögn og samtal um sýninguna í dag, þriðjudaginn 19. september, kl. 14. Sýning Hlutverkaseturs stendur til 26. september.

Í tilkynningu segir: „Hlutverkasetur hefur um árabil komið í reglubundnar heimsóknir á Listasafn Reykjavíkur og fengið innsýn í starfsemi safnsins og sýningarnar. Starfsemi Hlutverkaseturs er mikilvægt samfélagsverkefni sem aðstoðar einstaklinga sem einhverra hluta vegna, tímabundið eða til lengri tíma, geta ekki stundað nám eða verið í vinnu.“

Sýningin *Myndlistin okkar* var



Myndlist Fjölbreyttur hópur frá Hlutverkasetri valdi verk á sýninguna.

opnuð á Kjarvalsstöðum á Menn-ingarnótt og á þeirri sýningu er kubbur þar sem settar eru upp smásýningar undir heitinu *Myndlistin þeirra*. Þar býður Listasafn Reykjavíkur samstarfsaðilum sínum og fastagestum að velja saman verk úr safneigninni.